

Nýr Landspítali ohf.

Ársreikningur 2021

Nýr Landspítali ohf.
Alaskareiturinn við Burknagötu, Pósthólf 20
121 Reykjavík
kt. 500810-0410

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings.....	3
Áritun ríkisendurskoðanda	4
Áritun endurskoðenda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10

Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Nýs Landspítala ohf. árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi, auk skýringa.

Á árinu 2021 beindist starfsemi félagsins að fjölmörgum hönnunar- og framkvæmdaverkum. Meginverkefni voru meðferðarkjarni, rannsóknahús og gatnagerð á Hringbrautarsvæði. Í lok ársins 2021 hafði verið unnið 13,2% af meðferðarkjarna og 75,7% af gatna-, veitna og lóðagerð en þau verkefni eru komin á framkvæmdastig. Á sama hátt hefur verið unnið 2,9% af rannsóknahúsinu og 2,7% af bílastæða- og tækniúsinu en bæði húsin eru á hönnunarstigi. Áætlaðar framkvæmdir við uppsteypu meðferðarkjarna seinkaði á árinu og því nýttust fjárveitingar verkefnisins því ekki að fullu.

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir 4.252,7 m.kr., skuldir 4.232,7 m.kr. og eigið fé 20,0 m.kr.

Hlutfé félagsins er 20,0 m.kr og er allt í eigu ríkissjóðs.

Stjórn Nýs Landspítala ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík,

mars 2022

Undirritað rafrænt

Finnur Árnason
stjórnarformaður

Dagný Brynjólfssdóttir

Sigurður H. Helgason

Gunnar Svavarsson,
framkvæmdastjóri

Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar Nýs Landspítala ohf.

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana.

Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna. Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Kannað var hvort rekstur félagsins væri í samræmi við þau lög sem um félagið gilda og eftir atvikum fjárlög og fjáraukalög, sbr. meginreglur laga nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Ríkisendurskoðun, mars 2022

Undirritað rafrænt

Guðmundur Björgvin Helgason
starfandi ríkisendurskoðandi

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Nýs Landspítala ohf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Nýs Landspítala ohf. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Nýs Landspítala ohf. 31. desember 2021, afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2021 í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda í árituninni. Við erum óháð Nýjum Landspítala ohf. og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Nýs Landspítala ohf. og setja inn skýringu ef þess er þörf.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila en hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, mars 2022

Undirritað rafrænt

Óskar Sverrisson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2021

Gjöld	Skýr.	2021	2020
Heildarverkefnið.....	9	912.154	933.277
Meðferðarkjarni.....		3.410.508	939.694
Rannsóknarhús.....		298.350	113.678
Bílastæðahús.....		82.096	16.405
Bílakjallari.....		27.781	30.952
Götur, veitur og lóð.....		134.218	661.204
Önnur verkefni.....		188.483	27.299
Fjármagnsliðir.....		(28.557)	(21.328)
Rekstrargjöld		5.025.033	2.701.181
Niðurstaða ársins.....		5.025.033	2.701.181
Flutt á viðskiptareikning ríkissjóðs.....		(5.025.033)	(2.701.181)
		0	0

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
Eignir			
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur.....		7.045	51.204
Fyrirframgreiðslur.....		69.193	216.518
Krafa vegna skatta.....		91.844	61.239
Handbært fé.....		4.084.642	2.677.700
Veltufjármunir		<u>4.252.725</u>	<u>3.006.661</u>
Eignir alls		<u>4.252.725</u>	<u>3.006.661</u>
 Eigið fé			
Hlutfé		<u>20.000</u>	<u>20.000</u>
Eigið fé	6	<u>20.000</u>	<u>20.000</u>
 Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptareikningur við ríkissjóð.....	7	3.588.434	2.613.467
Aðrar skammtímaskuldir.....		644.291	373.194
Skammtímaskuldir		<u>4.232.725</u>	<u>2.986.661</u>
Skuldir alls		<u>4.232.725</u>	<u>2.986.661</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u>4.252.725</u>	<u>3.006.661</u>

Sjóðstreymi árið 2021

	2021	2020
Rekstrarhreyfingar		
Niðurstaða rekstrarreiknings.....	0	0
Skammtímakröfur, lækkun.....	160.879	196.478
Skammtímaskuldir, hækkun	1.246.064	399.868
Handbært fé frá rekstri	<u>1.406.942</u>	<u>596.346</u>
Hækkun á handbæru fé.....	1.406.942	596.346
Handbært fé í ársbyrjun	<u>2.677.700</u>	<u>2.081.354</u>
Handbært fé í árslok	<u><u>4.084.642</u></u>	<u><u>2.677.700</u></u>

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Nýs Landspítala ohf. byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

2. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

3. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

4. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast óbundnar innstæður á bankareikningum.

5. Heildarkostnaður

Heildarkostnaður greinist þannig:

Kostnaðarverð

	2021	2020
Framkvæmdir á árinu.....	5.025.033	2.701.181
Flutt á viðskiptareikning ríkissjóðs	(5.025.033)	(2.701.181)
	<u>0</u>	<u>0</u>

6. Eigið fé

Hlutfé.....	<u>20.000</u>	<u>20.000</u>
-------------	---------------	---------------

7. Viðskiptareikningur ríkissjóðs

Staða við ríkissjóð í ársbyrjun.....	2.613.468	2.314.649
Greitt úr ríkissjóði.....	6.000.000	3.000.000
	<u>8.613.468</u>	<u>5.314.649</u>
Flutt af heildarkostnaði.....	(5.025.033)	(2.701.181)
Staða við ríkissjóð í árslok	<u>3.588.434</u>	<u>2.613.468</u>

Skýringar

8. Fjárveiting

Fjárveiting ársins nam 11.884 m.kr. en greiðslur úr ríkissjóði á árinu námu 6.000 m.kr. en þær voru í samræmi við framvindu.

9. Heildarverkefnið

Heildarverkefnið er vegna launa verkefnisstjórnar og annars verkefna-, ráðgjafa - og framkvæmdakostnaðar. Heildarlaunakostnaður nam 407,9 m.kr. og fjöldi ársverka var 20,8 en þeim fjölgaði um 7,4 frá árinu áður. Áunnin orlofsskuldbinding vegna starfsmanna í árslok hefur verið reiknuð og færð til gjalda og skuldar í efnahagsreikningi.

Laun framkvæmdastjóra námu 22,5 m.kr. Laun þriggja stjórnarmanna námu samtals 8,9 m.kr.

	2021	2020
Laun.....	322.667	193.972
Launatengd gjöld.....	73.686	45.754
Áunnið orlof, breyting.....	11.556	9.651
Annar verkefna- og framkvæmdakostnaður við heildarverkefnið.....	504.246	683.899
	<u>912.154</u>	<u>933.277</u>

Undirritunarsíða

formaður stjórnar
Finnur Árnason

stjórnarmaður
Dagný Brynjólfsdóttir

stjórnarmaður
Sigurður Helgi Helgason

framkvæmdastjóri
Gunnar Svavarsson

starfandi ríkisendurskoðandi
Guðmundur Björgvin Helgason

endurskoðandi
Óskar Sverrisson